

Föstudaginn 15. janúar 1937.

Nr. 81/1936. **Réttvísing og valdstjórnin**  
(Theódór B. Lindal)  
gegn

**Randver Péturssyni**

(Garðar Þorsteinsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa valdið  
íkveikju af gáleysi. Sýknaður af ákæru fyrir  
þjófnað og bruggun áfengis.

*Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaup-  
staðar 23. nóvember 1935:* Ákærði, Randver Pétursson,  
sæti 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en  
fresta skal fullnustu refsingarinnar næstu 5 ár frá upp-  
kvaðningu dómsins og niður skal hún falla að þessum  
tíma liðnum, ef ákærði heldur skilorð laga nr. 39 frá 16.  
nóv. 1907.

Ennfremur skal kærði greiða í sekt 500 kr. og kemur  
einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún  
eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði  
greiði allan kostnað, sem af rannsókninni leiðir, og yfir  
höfuð af málinu, þar á meðal 50 kr. til hins skipaða tals-  
manns, fyrverandi bæjarfógeta Steingríms Jónssonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Það verður ekki gegn neitun ákærða talið sannað,  
að hann hafi farið inn í sumarhúsið „Vogar“ kveld-  
ið 7. nóvember 1934 með þeim ásetningi að kveikja  
í því. Fyrir hans þangað þetta kveld virðist hafa  
verið farin í eirðarleysi því, sem hann var haldinn  
af, og í ölvunarástandi því, sem hann kveðst þá  
hafa verið í, án nokkurs ákveðins tilgangs annars  
en ef til vill þess, að komast inn í húsið og hafast  
þar við eða leggjast þar fyrir um stund. Telja  
verður, að ákærði hafi inn í húsið komizt, þótt ekki

sé vitað með vissu, hvort hann hafi brotið þar rúðu og farið inn um rúðuopið, eða farið inn um annað op, sem hleri átti að vera fyrir, en farinn var frá að einhverju leyti. Þegar inn var komið, virðist ákærði hafa kveikt á olíuvél og svo sett í stól og síðan fallið í svefn eða mók. Um meðferð olíuvélarinnar eða eldspýtna, eða hvorutveggja, virðist ákærði ekki hafa sýnt nægilega varkárni. Þykir mega ætla, að hann sé fyrir þá óvarkárni valdur að brennu sumarhússins, og varðar sá verknaður hans við 286. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið sagt, verður það ekki heldur talið sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi farið inn í fyrrnefnt sumarhús í því skyni að stela, og verður þá brott nám hluta þeirra, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, ekki talið til athafna þeirra, sem lýst er í 231. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur og neitað því, að hann hafi numið brott muni þessa eða kastað þeim út úr húsinu í því skyni að slá eign sinni á þá, heldur hafi hann, að því er virðist, upphaflega gert þetta í fátí eða ofboði, er svefninn eða mókið rann af honum, og hann varð þess var, að kviknað var í húsinu. Það þykir því varhuga-vert að telja sannað, að hann hafi í öndverðu ætlað sér að slá eign sinni á nokkurn þessara muna. Og það verður ekki heldur talið sannað, að hann hafi síðar ætlað sér að slá eign sinni á stólinn eða forhengið. Skeiðina og bláu skyrtuna eða peysuna tók hann heim með sér og hafði í vörzlum sínum þar til 20. nóvember 1934, er hann í fyrsta þinghaldi málsins skýrði frá því, að munir þessir væru heima hjá honum, enda afhenti hann lögreglunni muni þessa sama dag. Hann kvaðst hafa vitað, hver átti

muni þessa, og hafi ætlað að koma þeim til skila, en heldur þeim þó hjá sér um hálfsmánaðartíma, þar til réttarrannsókn hefst í málinu. Svo sagði hann og í fyrstu rangt til um ferðir sínar kveld það, er bruninn varð, og eyddi upphaflega öllu tali um hann, er lögreglumenn færðu hann í tal við ákærða. Að öllu þessu athuguðu þykir mega gera ráð fyrir því, að ákærði hafi tekið þá ákvörðun eftir að kunnugt var orðið um brunann og hann vissi grun á sér um ikveikju, að skila ekki þessum síðastnefndu hlutum. Útilokar það ekki refsiverðleik þessa áforms ákærða, að hann kann að hafa ætlað sér með því að dylja þann þátt, er hann átti í ikveikjunni. Meðferð ákærða á hlutum þessum varðar við 250. gr. almennra hegningarlaga. Þótt stefna í málinu á hendur honum viki aðeins að 23. og 28. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 51/1928, þykir ekki þess vegna ófært að dæma um þetta atriði í máli þessu. Eigandi munanna, sem metnir hafa verið samtals á 8 krónur, hefur ekki krafizt málshöfðunar á hendur ákærða fyrir meðferð hans á þeim, en með því að rétt þykir að beita reglu 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, um málshöfðun vegna minni háttar stuldar, einnig um málshöfðun fyrir brot, er varða við 250. gr. hegningarlaganna, analógískt, þá verður af framannefndri ástæðu að sýkna ákærða af kærnum og kröfum réttvísinnar út af þessu atriði.

Í þinghaldi í málinu 20. ágúst 1935 tilkynnti rannsóknardómarinn ákærða, að mál yrði höfðað gegn honum af hálfu valdstjórnarinnar fyrir brot á áfengislögunum og af hálfu réttvísinnar fyrir brot á 28. kap. hegningarlaganna, en samkvæmt stefnunni, útgr. 16. sept. s. á., er mál höfðað aðeins

af hálfu réttvísinnar fyrir „þjófnað og brennu, brot á 23. og 28. kap. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 1. gr. 51 frá 7. maí 1928“, enda er málið í héraði rekið aðeins í nafni réttvísinnar, en þó einnig dæmt um áfengislagabrot ákærða, og af hálfu réttvísinnar er því einnig einungis áfrýjað. Þessi ónákvæmni þykir þó ekki eiga varða ómerkingu dómsins að þessu leyti, enda hefir verið flutt sókn og vörn um það fyrir hæstarétti, og verður því á það dómur lagður.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, blandaði ákærði vatni, pressugeri, sykri og hvítöli í kvartel aðeins einu sinni, 20—25 lítra alls, að hann heldur, en ekki er þess getið, hversu lengi hann hafi látið það standa. Síðan neytti hann lagar þessa án þess að eima hann, síðast daginn 7. nóvember 1935 3—4 lítra, að því, er hann segir. Það verður ekki talið, að ákærði hafi með þessu fullframið bruggun, enda er ekkert upplýst um áfengismagn lagar þessa, og er það ekki nægileg upplýsing í þessu atriði, þótt ákærði, sem virðist vera andlega miður sín, hafi fyrir neyzlu sína umræddan dag orðið drukkinn af vökva þessum. Það þykir því eiga að sýkna ákærða af kærðu fyrir þenna verknað hans.

Refsing ákærða fyrir íkveikju þá, er að ofan getur, þykir með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en rétt þykir, að fullnustu refsingarinnar sé frestað, eins og ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi, og að niður skuli hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Svo ber

og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Um meðferð héraðsdómarans á sök þessari at-  
hugast, auk þess, sem áður segir um málshöfð-  
unartilkynningu, stefnu og rekstur málsins, að  
hann hefir ekki svo séð verði, krafið eigendur  
oftnefnds sumarhúss eða aðra um gluggastærð í  
húsinu né annað, er þeir kynnu að hafa getað gef-  
ið upplýsingar um varðandi það, hvernig ákærði  
hefir inn í það komið. Og ekki hefir héraðsdóm-  
arinn heldur látið lögreglumenn þá, er að rann-  
sókn málsins unnu, koma fyrir dóm og staðfesta  
þar skýrslur sínar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Randver Pétursson, sæti 40 daga  
fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta  
skal fullnustu refsingarinnar og niður skal  
hún falla að fimm árum liðnum, ef skilorð  
laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakar-  
kostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Á-  
kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakar-  
innar, þar með talin málflutningslaun sækj-  
anda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstarétt-  
armálflutningsmannanna Theódórs B. Líndal  
og Garðars Þorsteinssonar, 100 krónur til  
hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að  
lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu fyrir auka-rétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 16. september s.l. gegn Randver Péturssyni, síðast á Leifsstöðum í Öngulsstaðahreppi, fyrir brot gegn 23. og 28. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 sbr. lög nr. 51 frá 7. maí 1928 um nokkrar breyt-ingar til bráðabirgða í hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana og til greiðslu iðgjalds, ef krafizt verður, og til greiðslu alls kostnaðar, er af rannsókn málsins hefir leitt, þar undir kostnaður við dvöl ákærða í Nýja spítal-anum á Kleppi. Ennfremur hefir verið af valdstjórnar-innar hálfu höfðað mál gegn kærða fyrir brot á áfengis-löggjöfinni.

(Sic) 8. nóvember 1934 brann sumarhúsið „Vogar“ í Kaupangssveit. Í prófum, sem farið hafa fram í málinu, hefir sannazt, að ákærður, Randver Pétursson, er or-sök í brunanum.

Fyrst, er hann var spurður um, hvort hann hefði séð brunann, neitaði hann því, enda sagðist hafa verið heima það kvöld, aðeins skroppið út að Knararbergi. En dóm-arinn hefir bent honum á, að fólk í Kaupangi hafi borið, að hann hafi ekki verið heima, er húsið brann, segir hann, að maður geri sér það í hugarlund, að hann hafi farið inn í húsið og líklega sofnað þar. Hann heldur, að hann hafi kveikt á einhverju áhaldi, sem verið hafi í húsinu, og hafi bruninn orsakazt af því.

Er hann var spurður um, hvernig hann hefir farið inn í húsið, segir hann, að norðan til á húsinu hafi verið hálfopinn hleri eða þá að hann hafi brotið rúðu með hnefanum, en skýrsla lögreglunnar virðist bera það með sér, að rúða hafi verið brotin. Hlutir hafa fundizt í hlöðu-broti á Vargjá, og segist ákærði hafa farið með þá þangað líklegast í því skyni að fela þá. Á Syðri-Vargjá fannst brúnleitt fyrirhengi með hringum, sem færa má til á stöng. Ákærði segir: „Ætli þetta hafi ekki verið í rúminu, sem ég ætlaði að sofa í“. Þá hefir og lögreglan fundið messingstöng austan við húsið sömu nóttina eða kvöldið, sem Vogar brunnu. Segist ákærði að líkindum hafa kastað henni út um gluggann. Og sama segir hann um kaffi-könnuna, sem fannst. En er hann var spurður um, því

hann hefði kastað hlutunum út, svarar hann þannig: „Hvað gerir maður ekki, þegar maður er viti sínu fjær“. Í þessu sambandi segir hann og, að hann hafi verið mikið fullur. Ákærða var sýndur tréarmstóll, allþungur með leðursæti, og segir hann, að stóllinn hafi orðið eftir einhversstaðar fyrir neðan einhverja brú. Síðan afhenti ákærði einnig lögreglunni bláa skyrtu og silfurskeið merkta V. K., er hann hefði lokað niður hjá sér. Hvoru- tveggja segist hann hafa ætlað að skila aftur, því hann hafi vitað, hver eigandinn var.

Við ýtarlega prófun segir ákærði, að hann hafi kveikt á oliuofni eða kerti, sem var í húsinu. En honum var bent á, að ekkert kerti mundi hafa verið inni í húsinu, segist hann hafa kveikt á oliuofninum. Segir hann, að það hafi hlotið að vera svo, að hann hafi haft eldspýtur. Þegar hann var spurður um, af hverju hann hefði kveikt á ofninum, segir hann: „Það veit andskotinn en ekki ég“. Er hann var spurður, hvort hann hefði séð logann, segist hann fyrst hafa séð reykin. Hann heldur, að hann hafi setið í stól og verið í móki. Hann heldur, að hann hafi farið heim, er reykurinn og eldurinn mögnuðust. Hann heldur, að hann hafi fyrst farið að Syðri-Vargjá og svo aftur að Vogum.

Með því yfirheyrði talaði stundum rugl í réttinum og með því skýrsla hans um, hvernig eldinn bar að, var svo þokukennnd, þá var leitað fyrst álits héraðslæknis um sálarástand ákærða, og telur hann, að ákærði eigi heima á geðveikrahæli. Enn var leitað álits sérfræðings Helga Tómassonar, geðveikralæknis, og er niðurstaðan, að álit hans, þessi: Hann er hvorki fáviti né geðveikur, heldur aðeins ómenntaður, rótlaus lausamaður í lífinu í sjálfu sér að jafnaði sjálfsagt meinleysismaður, en á því stigi að þola illa áfengi og kunna ekki að fara með það. Óþreyjuköst þau, er hann fær, eru sjálfsagt liður í skaplyndi hans. Í slíku ástandi fer sá, sem er frjáls ferða sinna, oft á einhverskonar túr, knúður til að losna við hina ógeðfelldu liðandi stund, og getur hann þá vitanlega í öläði framið ýmis gáleysisverk, sem honum ella mundi liggja fjærri. Slíkir menn eru eigi taldir eiga heima á geðveikraspítala eða hælum, en fara yfirleitt ferða sinna með meira eða minni mildandi kringum-

stæðum eftir því sem hver á þá litur.“ (sic). Talsmaður ákærða hefir lagt fram vottorð, réttarskj. nr. 8, frá 2 kunnugum mönnum. Er skýrt frá því í vottorðinu, að atvik hafi komið fyrir ákærðan 1923—1924, er leiddu til ýmissa kærumála, og hafi hann orðið ruglaður upp úr því. Segir annar vottorðsgefandinn, er ákærði dvaldi á heimili hans, að kærði hafi verið hræddur um, að líf hans væri umsetið, og kom hann stundum á nóttunni inn í herbergi vottorðsgefanda og konu hans og lá þar af nóttina vegna hræðslu. Segir vottorðsgefandinn, að hann sé betri nú, en þó telji þeir og ýmsir aðrir kunn- ingjar hans, að hann sé sjúkur maður.

Að því er brot ákærða snertir, þá er á engan hátt sannað, að hann hafi visvitandi kveikt í húsinu. Hann neitar því í réttinum 20. ágúst, að hann hafi farið inn í húsið til að kveikja í því, og þó hann síðar í sama réttarhaldi segi, að það hafi haldið fyrir honum and- vöku, að hann hafi kveikt í húsinu, þá er ekki hægt að skilja það í hinum ruglingslega framburði hans sem játn- ingu um að hann hafi kveikt í, heldur sem áframhald af þeirri hugsun, að hann hafi verið orsök að brunan- um. Virðist því rétt að færa þetta afbrot hans undir 285. gr. hegningarlagna.

Hinsvegar virðist ákærði hafa gert sig sekan um verknað þann, sem lýst er í 231. gr. hinna almennu hegningarlaga og ber að ákveða hegninguna fyrir þann verknað samkv. 7. og 6. gr. laga nr. 51 frá 7. maí 1928. En refsingar fyrir framangreind brot ber að ákveða með hliðsjón af 40. gr. hinna almennu hegningarlaga og dæma ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. nóvember 1883, í 2ja mánaða fangelsi við venjulegt fangavíðurværi.

En fullnustu refsingarinnar ber einnig með tilliti til ástands þess, sem ákærði sýnist að hafa verið í, er hann drýggði afbrotin, að fresta og hún falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilyrði laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907 eru haldin.

Að því er kærana af valdstjórnarinnar hálfu snertir fyrir brot á áfengislöggjöfinni hefir kærður játað, að hann hafi fengið sér tómmt kvartel frá Akureyri, látið sopa í það af vatni og blandað með pressugeri og sykri.

Enn lét hann hvítt öl í kvartelið. Af þessu segist hann hafa orðið drukkinn. Hér virðist því vera um brugg að ræða, og ber því að færa brotið undir 6. gr. sbr. 30. gr. í hegningarlögunum (sic) og dæma kærða til að greiða 500 kr. í sekt og kemur einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákærður verður eigi dæmdur til að greiða skaðabætur, þar sem þess hefur eigi verið krafizt.

Ákærður greiði allan kostnað, sem leiðir af rannsókn þessa máls og yfir höfuð af málinu, þar á meðal 50 kr. til hins skipaða talsmanns, fyrrverandi bæjarfógeta Steingrims Jónssonar.

---

Mánudaginn 18. janúar 1937.

Nr. 92/1936. **Valdstjórnin** (Theódór B. Lindal)

gegn

**Geir H. Zoëga og**

**Stefáni Mál Benediktssyni**

(Lárus Fjeldsted).

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir brot gegn  
4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936:* Kærði Geir Helgason Zoëga greiði til landhelgisjóðs Íslands 10.000 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Stefán Mál Benediktsson greiði til landhelgisjóðs Íslands 2500 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 200 til skipaðs verjanda hinna kærðu, hrm. Lárusar Fjeldsted, greiði kærði Geir H. Zoëga að  $\frac{1}{10}$  hlutum, en hinir kærðu in solidum að  $\frac{1}{10}$  hluta.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.